

Siðareglur Vegagerðarinnar

Starfsmönnum Vegagerðarinnar ber að hafa í heiðri þær siðareglur sem hér eru skráðar. Markmiðið er efla fagleg vinnubrögð með framsýni og öryggi að leiðarljósi og auka traust á stjórnsýslu stofnunarinnar. Siðareglurnar endurspegla grunngildi í störfum hjá Vegagerðinni eins og heilindi, óhlutdrægni og skilvirkni. Mikilvægt er að starfsmenn vinni sem heild, miðli reynslu og þekkingu sín á milli og stuðli þannig að framförum hver hjá öðrum og hjá stofnuninni allri. Þess vegna er mikilvægt að afstaða starfsmanna og framkoma í allri málsmeðferð sé varkár, gagnrýnin og vönduð og að teknar séu ákvarðanir á faglegum forsendum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að allir starfsmenn séu upplýstir um siðareglurnar og gerð grein fyrir mikilvægi þess að fylgja þeim til hins ítrasta í allri framkomu sinni í starfi hjá Vegagerðinni.

Með vísun til framanritaðs ber starfsmönnum Vegagerðarinnar að:

- Starfa í þágu almennings af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind.
- Tileinka sér vinnubrögð sem skapa traust á starfi þeirra og Vegagerðinni.
- Vinna gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.
- Efla vitund um jafnrétti og önnur mannréttindi.
- Stuðla að gagnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað.
- Láta samstarfsmenn njóta sannmælis og sanngirni.
- Gæta að orðspori vinnustaðar í samskiptum utan vinnu.
- Vanda vinnubrögð og alla meðferð upplýsinga og skjala og gæta nauðsynlegs trúnaðar.
- Koma fram við samstarfsmenn og viðskiptavini af háttvísi og virðingu.
- Virða skoðana- og tjáningarfrelsi.
- Forðast hagsmunaárekstra og gæta þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl hafi ekki áhrif á störf þeirra.
- Þiggja ekki persónulega verðmætar gjafir eða þjónustu sem gætu/gæti verið til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanir starfsmanns.
- Leita samvinnu um úrlausn mála eftir því sem kostur er.
- Standa vörð um óhlutdrægni og faglegt sjálfstæði.
- Vekja athygli viðeigandi aðila á ólögsmætum ákvörðunum, athöfnum eða brotum á siðareglum.
- Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum.

Samþykkt á fundi yfirstjórnar 9. febrúar 2015.